



## Umsögn um áfangaskýrslu stjórnarskrárnefndar

Áfangaskýrsla stjórnarskrárnefndar Alþingis á engan rétt á sér, enda er hún augljós liður í tilraun til valdaráns. Alþingi vísaði frumvarpi stjórnlagaráðs í þjóðaratkvæði 20. október 2012, þar sem tveir þriðju hlutar kjósenda lýstu sig fylgjandi frumvarpinu og yfirgnæfandi hluti kjósenda lýsti einnig stuðningi við helztu einstök ákvæði frumvarpsins. Fyrir lá opinberlega, að meiri hluti alþingismanna studdi frumvarpið.

Eigi að síður sveikst Alþingi aftan að kjósendum með því að staðfesta ekki frumvarpið fyrir þinglok 2013. Nýtt Alþingi, sem kjörið var eftir reglum sem kjósendur höfðu hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012, skipaði síðan enn eina stjórnarskrárnefndina bersýnilega til að drepa málið í dróma undir forsæti manns, sem hefur ítrekað lýst þeirri skoðun, að engin þörf sé á að breyta stjórnarskránni – án tillits til þess, að þjóðin kvað upp skýran úrskurð í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.

Þjóðin er yfirboðari Alþingis, ekki öfugt.

Þessari atvikarás verður ekki lýst öðruvísi en svo, að Alþingi hefur orðið uppvíst að tilraun til grófrar aðfarar að lýðræðinu í landinu. Þeirri aðför þarf að hnekkja. Fyrsta skrefið að því marki væri tafarlaus afsögn stjórnarskrárnefndar og staðfesting Alþingis á frumvarpi stjórnlagaráðs.

Reykjavík, 30. september 2014.

Með virðingu,

Þorvaldur Gylfason  
180751-7699.